



Hjálparstarf
kirkjunnar

Starfsskýrsla 2013–2014



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2013-2014

Aðalfundur

27. september 2014

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Velferð barna - Velferðarsjóður	18
Þróunarsamvinna	5	Framtíðarsjóður	18
Indland	6	Námssjóður fullorðinna	18
SAM - Réttindabarátta og skólastarf í þágu Dalíta	6	Ráðgjöf	18
Sameinaða indverska kirkjan	6	Námskeið	19
- Skóli og heimavist fyrir fátæk börn	7	Talsmannshlutverkið - Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um málefni fátækra	19
Epíópía	8	Samráðshópur um málefni utangarðsfólks	19
Lúterska heimssambandið og epíópíska evangelíska	8	Velferðarvaktin	19
Mekane Yesus-kirkjan – Tryggara lífsviðurværi íbúa í	8	EAPN - European Anti Poverty Network á Íslandi	19
Jijigahéraði í Sómalífylki.	8	EMIN - European Minimum Income Network	20
Malaví	11	Aðilar að Almannaheillum	20
Evangelical Lutheran Development Service (ELDS)	11	Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands	20
– Vatnsöflun og tryggara lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda	11	Fræðslu- og kynningarmál	23
í Chikawahéraði	11	Fréttablaðið Margt smátt	23
Úganda	11	Vefsíðan Help.is og Facebook	23
RACOBAA og Lúterska heimssambandið	12	Heimsóknir til hópa	23
– Bætt lífskjör HIVsmiðra, alnæmissjúkra,	12	Rödd í miðlum	23
aðstandenda þeirra og eftirlifenda	12	Safnanir og fjáröflun	23
Neyðaraðstoð	13	Fermingarbarnasöfnun 2013	23
Samstarf og fundir um þróunarsamvinnu	14	Jólasöfnun	23
Norrænn samstarfsfundur hjálparstofnana kirkna	14	Páskasöfnun	23
Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í	14	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	24
alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH	14	Friðarljós	24
Þróunarsamvinna ber ávöxt	14	Sóknir	24
Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	14	Aðrar fjáröflunarleiðir	24
Breytendur - Changemaker á Íslandi	15	Fjármál	25
Verkefni innanlands	16	Söfnunarfé og útgjöld	25
Stuðningur og ráðgjöf	17	Framlög til verkefna	25
Inneignarkort styrkja heimilishald og sjálfstæði	17	Skipulag, stjórn og starfsfólk	26
Jólaaðstoð	17	Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	27
Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum	17		
Fataúthlutun	17		
Sjálfbóðaliðar	18		

Inngangur

Verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar eru fjölbreytt og ærin bæði hér heima og erlendis. Við störfum á faglegum forsendum að því að auka velferð þeirra sem búa við fátækt á grundvelli getu, ábyrgðar og hæfileika hvers og eins. Við horfum til þess sem mögulegt er og leiðir til betra lífs en ekki á það sem geta leyfir ekki. Verkefnin eru þannig alltaf unnin í samvinnu við fólkið sjálft. Við höfum að leiðarljósi að efla einstaklinga og samfélög til sjálfstæðis og sjálfbærni á starfsvæðum okkar í Eþíópíu, Malaví, Úganda, Indlandi og á Íslandi. Það eru nefnilega alls staðar ótrúlega miklir möguleikar, mikil geta og hæfileikar sem virkja má öllum til hagsbótar.

Á miðju starfsári lét Jónas Þórir Þórisson af störfum sem framkvæmdastjóri Hjálpartarfs kirkjunnar eftir 23 farsæl ár en undir hans forystu hefur stofnunin eflst og dafnað ár frá ári. Eru honum færðar þakkir fyrir frábær störf.

Þeim sem leggja Hjálparstarfi kirkjunnar lið eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

*Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri*

Þróunarsamvinna

Að létta á örbið og efla virðingu fyrir mannréttindum þeirra sem líða fátækt og óréttlæti eru yfirmarkmið með öllum þróunarsamvinnuverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Starfið snýr fyrst og fremst að þeim sem verst eru settir og þeim sem ekki geta björg sér veitt.

Nálgun stofnunarinnar er að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim stöðjar og efla fólk til áhrifa. Það er gert með því að veita því stuðning til formlegrar og óformlegrar skólagöngu og með ýmiskonar þjálfun og efnislegri aðstoð. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags, stjórnvalda og annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks.

Í öllum þróunarsamvinnuverkefnum leitast Hjálparstarfið við að virkja skjólstaðinga eins og mögulegt er og áhersla er lögð á að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Stefnt er að því að skapa sjálfbær samfélög með því að hjálpa þeim verst settu við að tryggja sér nægt vatn og fæðu, skapa aðgang að menntun og hjálpa fólki við að afla sér tekna eftir nýjum leiðum. Hjálparstarfið vill þannig opna farveg fyrir breytingar, fjölga tækifærum þeirra verst settu og auka möguleika þeirra til að nýta sér þau og lifa með reisn, sjálfu sér nógt.

Stefnt er að því að auka möguleika kvenna og stúlkna með því að beina aðstoð frekar til þeirra og um leið sjá til þess að veitt aðstoð nýtist fjölskyldu og samfélagi sem best. Einnig að vinna gegn ofbeldi gegn konum og fræða um mannréttindi. Í verkefnum Hjálparstarfsins er lögð áhersla á að fræða og þjálfa þá sem eru utangarðs til þess að móta sér skoðanir og taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra.

Hjálparstarfið vill auka möguleika hinna verst settu til menntunar. Stuðlað er að því að börn, ekki síst stúlkur, komist í skóla og heltist ekki úr lestinni heldur ljúki námi sem veitir starfsréttindi eða rétt til framhalds- og háskólanáms. Einnig er leitast við að auka möguleika fullorðinna, ekki síst kvenna til að læra eitthvað hagnýtt sem bætir lífsafkomu þeirra.

Í verkefnum Hjálparstarfsins er unnið að því að hefta útbreiðslu HIVveirunnar og koma í veg fyrir upplausn í fjölskyldum og samfélagi af völdum alnæmis með fræðslu, forvörnum og stuðningi við sjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifandi börn og fjölskyldur.

Hjálparstarfið er sér meðvitað um umhverfismál og hættur sem fátæku fólki, umfram aðra, stafar af hnignun umhverfisins. Í verkefnum sínum leggur stofnunin því áherslu á fræðslu um umhverfismál og aðgerðir og umbætur sem vernda umhverfið og snúa við hættulegri þróun þar sem hún á sér stað. Hjálparstarfið nýtir sér þekkingu samstarfsaðila á aðstæðum til þess að vinna sjálfbærum aðferðum fylgis svo sem varðandi tegundir og aðferðir við ræktun, skepnuhald og tvinnar jafnframt forvarnir gegn flóðum, þurrkum og öðrum áhrifum veðurfarsbreytinga inn í starf sitt.

Flest þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar eru unnin með Hjálparstarfi Lúterska heimssambandsins, Lutheran World Federation, Department for World Service en hátt í tvær milljónir manns í 33 löndum nutu



aðstoðar samtakanna á árinu. Yfir 2.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun, menningu, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili UNHCR í heiminum.

Þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á starfsárinu 2013 – 2014 voru í Eþíópíu, Malaví og Úganda í Afríku og á Austur- og Suður-Indlandi. Verkefni á Indlandi og í Malaví voru fjármöggnuð með söfnunarfé eingöngu. Stofnunin naut stuðnings bæði frá almenningi sem fjármagnaði 30% og frá utanríkisráðuneytinu sem fjármagnaði 70% af verkefniskostnaði á starfssvæðum í Eþíópíu og Úganda.

Indland

Þótt Indverjar sem þjóð hafi búið við góðan hagvöxt og séu að mörgu leyti mjög framfarlega í samfélagi þjóðanna þá er þar gríðarleg stéttaskipting og mismunur sem ekki hefur tekist að leiðrétta. Um 200 milljónir manna tilheyra Dalítum hinum stéttlausu eða ósnertanlegu. Þetta fólk hefur lítið notið góðs af meiri hagvexti og er markhópur aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hjálparstarfið hefur í um aldarfjórðung styrkt tvenn samtök á Indlandi með fjárframlögum. Annars vegar er um að ræða mannréttindasamtökin Social Action Movement, SAM, í Tamil Nadu-fylki og hins vegar United Christian Church of India í Andhra Pradesh-fylki. Á starfsárinu var samtals 25 milljónum króna varið til þessara tveggja verkefna.

SAM - Réttindabarátta og skólastarf í þágu Dalíta

Mannréttindasamtökin Social Action Movement, SAM, reka öflugt, heildstætt og þaulhugað réttindastarf meðal barna og fullorðinna úr hópi Dalíta, hinna stéttlausu, í Tamil Nadu-fylki á Indlandi.

Samtökin voru sett á laggirnar árið 1985 til þess að auka menntun og efla sjálfsvitund Dalíta og þeirra allra lægst settu í indversku þjóðfélagi. Stofnuð voru verkalyðsfélög í hefðbundnum atvinnugreinum Dalíta svo sem sykkureyrskurðarmanna, þvottamanna og skóara og stéttlausum veitt lögfræðileg aðstoð í deilumálum við stjórnvöld svo sem vegna kröfu um breytingar á eignarhaldi lands.

Samtökin reka forskóla til að búa börn stéttlausra undir nám og ekki síður aðkast og erfiðleika sem viðbúið er að þau mæti í almenna skólakerfinu. Samtökin leysa þrælaborð úr ánaud og koma þeim í skóla. Náð er unnið með foreldrum barnanna, þeir fræddir um réttindi sín og barna sinna og þeim sýnt fram á mikilvægi þess að börnin þeirra gangi í skóla.

SAM rekur einnig kvöldskóla til að búa vinnandi börn undir það að hætta í vinnu og fara í skóla. Þegar börnin eru tilbúin til að setjast á skólabeck er skuld foreldra þeirra greidd og börnin innrituð í almenna skóla. Samtökin hafa einnig um árabíl rekið opinn háskóla fyrir stéttlaus ungmenni þar sem sérstökum þörfum þeirra er mætt en þau eiga oft mjög litla skólagöngu að baki og hafa mjög brotna sjálfsmýnd vegna stöðu sinnar í samfélaginu. Samhliða skólastarfinu þrýsta SAM á stjórnvöld um aðgerðir gegn barnþrælkun.

Með fjárstuðningi frá Hjálparstarfinu á starfsárinu 2013 – 2014 dvöldu 100 börn í



forskólum og 180 börn stunduðu nám í kvöldskólunum. Alls voru 25 börn leyst úr skuldaánaud með stuðningi frá Hjálparstarfinu.

Góður árangur hefur náðst með starfi SAM og margir þættir í starfinu eru nú orðnir sjálfbærir. Því var það sameiginleg ákvörðun beggja aðila að SAM tæki alfarið við keflinu á nýju starfsári. Þar með lýkur tuttugu og sex ára farsælu samstarfi SAM og Hjálparstarfs kirkjunnar við lok þessa starfsárs.

Sameinaða indverska kirkjan - Skóli og heimavist fyrir fátæk börn

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur í 30 ár hjálpað fátæku fólki og börnum þeirra með því að halda úti skólastarfi og heimavist ásamt matargjöfum og spítalarekstri í Andhra Pradesh-fylki. Hjálparstarf kirkjunnar sem er einn stærsti styrktaraðili verkefnisins hefur í nær 25 ár stutt starfið með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds og byggingar og til starfsemi spítalans.

Börnin sem styrkt eru til náms eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örbirgð og mörg þekkingu af eigin raun þrælavinnu í grjótnámum, í tehusum, við vefnað, á verkstæðum og við múrsteinagerð þar sem aðstæður eru ómannúðlegar. Flest börnin ganga í Emmanúelskólann í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School, yngrideildaskóla á sama stað, þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni til náms í iðn- og verkþjálfunarskóla.

Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn fylgir almennri námsskrá fylkisins en 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki séu allar stofur búnar bekkjum og borðum.

Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Börnin matast sitjandi í beinum röðum á gólfinu og nota eigin disk sem þau þvo og gæta milli mála. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala UCCI. Vari veikindi lengur en í 3-4 daga eru börn send heim í umsjá foreldra sinna en fá send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á spítala UCCI en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári.

Tíu starfsmenn auk kennara starfa við Emmanúelskólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heimalærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist. Kristið trúarlíf er áberandi við skólann enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir stuðningi við ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna sem hafa fengið heitið Fósturforeldrar um framlög. Með þessu fyrirkomulagi þurfa Fósturforeldrar aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Fyrirkomulagið tryggir þannig stöðugleika í skólagöngu barnanna.

Fósturforeldrar fá árlega upplýsingar um námsárangur, nýja mynd og jólakveðju.

Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella.

Á þessu starfsári styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og 300 íslenskir fósturforeldrar alls 489 börn til skólavistar. Fjörtíu og fjögur þeirra ganga í skóla en eru ekki á heimavist. 231 barn er í skóla og á heimavist og 214 ungmenni eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarfið greiðir auk þess hluta launa átta kennara til að að hægt sé að veita nógu góð kjör til að halda í reynda kennara.

Eþíópía

Þrátt fyrir hagnöxt undanfarin ár er Eþíópía númer 173 af 207 ríkjum og landsvæðum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2014 á meðan Ísland er í þrettánda sæti. Íbúar Eþíópíu telja um 90 milljónir en 80% þeirra búa í dreifbýli og hafa lífsviðurværi af landbúnaði sem háður er úrkomu sem aftur er takmörkuð.

Samkvæmt IRIN fréttaveitu Sameinuðu þjóðanna höfðu um 95% þeirra sem búa í þéttbýli í Eþíópíu aðgang að hreinu vatni árið 2011. Hins vegar höfðu þá aðeins 42% íbúa í dreifbýli aðgang að hreinu vatni sem þýðir að 42 milljónir íbúa njóta ekki þessarra grundvallarmannréttinda. Vopnuð átök og óstöðugleiki í nágrennalöndum hafa haft í för með sér að fólk hefur flúið yfir landamæri til Eþíópíu og það hefur haft áhrif á efnahag landsins.

Sómalífylki með um fimm milljónir íbúa er eitt hrjóstrugasta og fátækasta fylki Eþíópíu. Í Jijigahéraði í Sómalífylki búa um 323.000 íbúar, langflestir af Sómalíættflokki sem eru múslimar. Á árinu 2013 var rigning í héraðinu í meðallagi sem þýddi að beitiland fyrir búfé var nokkuð gott en þar sem regntíminn var styttri en reiknað var með varð uppskeran minni en áætlað hafði verið. Verð á matvöru og byggingarvörum hafði hækkað allmikið árin á undan en var nokkuð stöðugt þetta starfsár. Fyrri hækkunarir höfðu þó enn neikvæð áhrif á afkomu þeirra verst- og meðalsettu.



Lúterska heimssambandið og eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan – Tryggjara lífsviðurværi íbúa í Jijigahéraði í Sómalífylki.

Verkefnið um tryggjara lífsviðurværi íbúa í Jijigahéraði hófst í nóvember 2007. Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lúterska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan. Verkefnið var þróað í nánú samstarfi við íbúa og opinbera aðila í héraðinu. Það hefur skipt miklu um góðan framgang verkefnisins og byggt upp þekkingu á staðnum.

Verkefnið er stærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins til þessa. Á starfsárinu 2013 – 2014 var alls 25,4 milljónum króna varið til þess. Utanríkisráðuneyti fjármagnaði 70% verkefniskostnaðar en 30% fjármagns var aflað meðal almennings í söfnunum.

Að beiðni utanríkisráðuneytis var utanaðkomandi aðili fenginn til að meta verkefnið í mars 2014. Í matsskýrslu var fjallað um góðan árangur en einnig bent á leiðir til að bæta árangurinn ennfrekar. Bent var á að allra best væri að leggja enn meiri áherslu á að grafa brunna með stórvirkum borum á þeim verkefnissvæðum þar sem ekki er hægt að handgrafa brunna. Í verkefnisáætlun fyrir starfsárið 2014 – 2015 er gert ráð fyrir að

borað verði eftir vatni á tveimur slíkum svæðum fái til þess fjármagn. Í framhaldi af matsskýrslu fóru framkvæmdastjóri og fulltrúi ráðuneytisins í vettvangsferð á svæðið í lok apríl.

Markmið verkefnisins er að bæta lífsskilyrði 75.000 íbúa í 14 kebeleum eða þorpsköllum sem búa við sárafatækt. Undirmarkmið verkefnisins eru sex og varða aðgang að vatni, jarðrækt, réttindi og valdeflingu kvenna, heilsufar, menntun barna og samvinnu við stjórnvöld.

1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds

Til að tryggja aðgang að hreinu vatnu voru á starfsárinu grafnar tvær vatnsþrær og tveir brunnar. Vatnsnefndir voru stofnaðar fyrir þessi vatnsból og fengu 20 manns þjálfun til að sinna minni háttar viðhaldi og stjórnun þeirra. Tuttugu og tveir fræðslufundir voru haldnir þar sem 260 manns úr 14 kebeleum fengu kennslu um vatnsöflun, hreinlæti, umhverfisvernd og fleira í þeim tilgangi meðal annars að virkja fólk til að taka þátt í verkefnum fyrir þorpið. Unnið var að verkþættinum í samvinnu við starfsmann vatns mála hjá héraðsskrifstofunni. Þá voru reistir fjórir sýnikamrar og fræðsla veitt um smitleiðir sjúkdóma og nauðsyn hreinlætis.

2. Að styrkja landbúnað; jarð- og búfjárrækt og vernda auðlindir

Á starfsárinu fengu 46 bændur úr 14 kebeleum fræðslu um hvernig best er að undirbúa jarðveg, val á hentugum tegundum til ræktunar og áveituhörf. Fræðsla var veitt um góða meðferð uppskeru og ákjósanleg geymslukilyrði. Til að bæta uppskeru fengu 128 bændur í 14 kebeleum nýjar tegundir af fræum. Alls voru 128 hektarar lagðir undir nýjar tegundir. Uppskera varð allt að 50% betri en með gömlu fræunum. Alls fengu 320 bændur í öllum 14 þorpunum baunir til að rækta milli þess sem maís var ræktaður. Víxlræktunin nýtir akurinn betur og bætir frjósemi moldarinnar. Þá fengu 30 bændur endurbætta plóga og 60 fengu skóflur. Ekki er hefð fyrir því að rækta grænmeti í Jijiga en 50 bændur fengu fræðslu um grænmetisgarða og fræ. Þar sem rigning var næg var uppskera grænmetis góð í kjölfarið.

Fimm starfsmenn í búfjárdeild héraðsskrifstofunnar sem höfðu fengið þjálfun á vegum verkefnisins árið 2012 stóðu fyrir fræðslu um dýrasjúkdóma og bólusetningu á starfsárinu. Alls fengu 250 manns fræðslu, 30.200 dýr voru bólusett og 3.800 fengu meðferð en dýrasjúkdómar draga mjög úr framleiðni á svæðinu. Fimmtíu og níu bændur í 10 kebeleum fengu þjálfun í að afla heys og fódurs fyrir dýrin. Sextíu og sjö bændur tóku þátt í námskeiði um umhverfisvernd þar sem fjallað var um mikilvægi þess að vernda auðlindir, afleiðingar ofbeitar og fleira.

Skógarhögg, yfirborðsvatn og vindar valda jarðvegseyðingu sem dregur úr möguleikum til ræktunar og búfjárhalds. Þorpsbúar í átta kebelum fengu rúmlega 27.000 græðlinga ýmissa trjategunda úr ræktunarstöð verkefnisins. Með því að gróðursetja græðlingana er jarðvegurinn bundinn auk þess sem flestar trjategundirnar bera ávexti.

3. Að auka vald og áhrif kvenna með betri efnahag

Tíu fræðslufundir voru haldnir á starfsárinu til að fjalla um slæma stöðu kvenna á svæðinu og leiðir til breyta henni til betri vegar með því að auka réttindi kvennanna. Á fundunum var einnig fjallað um skaðsemi þess að limlesta kynfæri kvenna. Til þátttöku á fræðslufundina voru valdir skoðanaleiðtogar á svæðinu. Ungt fólk tók þátt í þeim og konur úr 14 kebeleum, alls 350 manns. Hlutfall milli kynja var nokkuð jafnt á fundunum, 180 karlar og 170 konur. Starfsfólk janfréttisskrifstofu héraðsins tóku þátt í fundunum.



Sautján konur í tveimur kebeleum fengu þjálfun í atvinnurekstri. Þær fengu fræðslu um það hvernig koma má auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánamöguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að vinna saman í hópum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum. Í framhaldi af þjálfuninni fengu konurnar sautján lán, um 15 þúsund krónur hver, til að hefja rekstur smáfyrirtækja.

4. Að bæta heilsu íbúa og vinna að forvörnum vegna HIV/alnæmis

Í Gedanodkebele var reist heilsugæslustöð og hún búin grunntækjum. Yfirvöld manna hana starfsfólki sem fyrst og fremst sinnir forvarnarstarfi; fræðslu um nauðsyn hreinlætis og um smitleiðir sjúkdóma en sinnir einnig brýnustu heilsugæslu.

Haldnir voru fræðslufundir um HIV/alnæmi í 10 kebeleum fyrir 2.100 manns. Í kjölfarið fóru 1.282 einstaklingar í HIVpróf. Starfsfólk héraðsskrifstofunnar tók þátt í fræðslunni.

Í samstarfi við fylkisyfirvöld fór fram þriggja daga námskeið um smitleiðir HIV, forvarnir og ábyrgð samfélagsins í forvarnarstarfi. Þrjátíu opinberir starfsmenn frá ýmsum deildum héraðsskrifstofunnar tóku þátt í námskeiðinu.

5. Að stuðla að menntun barna

Í samvinnu við héraðsyfirvöld sem oft hafa ekki fjármagn til að þjálfa eigið starfslið, var haldið námskeið fyrir 20 skólastjóra, opinbera starfsmenn í skólakerfinu, þorpsleiðtoga og fulltrúa foreldra um menntun stúlkna og fjallað var um mögulegar ástæður fyrir brottfalli þeirra úr skóla. Að námskeiðinu loknu hétu því allir að leggjast á eitt um að fjölga stúlkum, - og halda þeim í skóla.

Við ástandsskoðun í 6 skólum kom í ljós að þeir voru vanbúnir. Ráðist var í úrbætur með því að koma fyrir 200 skólaborðum með áföstum bekkjum, 10 töflum, 6 hillum, 6 kennaraborðum og 12 kennarastólum.

6. Að styrkja leiðtoga og opinbera starfsmenn til að veita þjónustu

Tíu fundir voru haldnir með þorpsleiðtogum 14 keblea þar sem fjallað var um brýnustu framfaramál hvers svæðis fyrir sig. Fjallað var um sjálfbærni og hindranir í vegi

hennar, stjórnun ágreinings og ábyrgð leiðtoga og samfélagsins alls á framþróun. Áttatíu og fjögur svokölluð COLTA teymi (Community Organization and Leadership Training for Action) eru starfandi í öllum 14 kebeleum verkefnisins. Fjallað var um mikilvægi þess að styrkja og starfa með COLTA teyminum á hverju svæði og vinna þannig í einhug að framþróun.

Malaví

Evangelical Lutheran Development Service (ELDS) – Vatnsöflun og tryggara lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda í Chikwawahéraði

Hjálparstarf kirkjunnar hefur í nýu ár stutt verkefni Evangelical Lutheran Development Service (ELDS) í Malaví sem snýst um vatnsöflun og betra lífsviðurværi fyrir um 900 fjölskyldur sjálfsþurftarbænda í 37 þorpum í Chikwawahéraði.

Markmiðið með verkefninu hefur verið að auka aðgengi að hreinu vatni með því grafa brunna og kenna fólki að nýta vatn til að tryggja betur fæðuöryggi. Með því að rækta þurrkþolnari og fjölbreyttari tegundir, nota vatn í áveitur og tað sem áburð hefur lífsafkoman batnað. Með því að byggja kamra og handþvottaadstöðu og fræða um nauðsyn hreinlætis hefur hreinlæti aukist.

Trjám hefur verið plantað og námskeið verið haldin um umhverfisvernd og sjálfbærni. Þá hefur jarðrækt verið þróuð með nýjum korntegundum og skepnuhald styrkt með því að bændur hafa fengið geitur og hænur til að bæta lífsafkomuna.

Á starfsárinu 2013 – 2014 var 14,9 milljónum króna varið til verkefnisins og með því framlagi lýkur aðkomu Hjálparstarfsins að verkefninu. Þegar horft er til baka er ljóst að á nýu árum hefur verkefnið leitt til þess að þúsundir einstaklinga lifa við betri aðstæður, hafa aðgang að hreinu vatni, stúlkur komast frekar í skóla en áður þar sem ekki þarf að fara langar leiðir eftir vatni og lífsafkoma er tryggari.



Úganda

Á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda leggst vatnsskortur, fátækt og útbreiðsla HIVsmits og alnæmis á eitt um að gera fólki lífið erfitt. Alnæmissjúkir falla frá eftir erfið veikindi og eftir standa munaðarlaus börn og aldnar ekkjur með barnabörn á framfæri sínu. Stuðningsnet samfélagsins er grísjótt þar sem svo margir eru fallnir frá og hver hefur nóg með sig. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og tími aðstandenda til tekjuöflunar með ræktun eða öðrum leiðum er lítill þar sem tíminn fer að mestu í að hugsa um þá veiktu og langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarksneyslu daglega. Vatnsskorturinn kemur svo í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og hífýli séu þrífín. Óhreinlætið yfir svo undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar fái umgangspæstir og sýkist af sjúkdómum sem berast með vatninu.

RACOBABO og Lúterska heimssambandið

– Bætt lífskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda

Hjálparstarf kirkjunnar hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakai, Lyantonde og Sembabule. Samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOBABO) sem spröttin eru upp úr starfi Lúterska heimssambandsins, reka starfið í Rakai og Lyantonde en Lúterska heimssambandið vinnur verkið í Sembabule. Til beggja samtakanna lagði Hjálparstarfið samtals til 12,4 milljónir króna á starfsárinu. Af þeirri upphæð lagði utanríkisráðuneyti til 70% en 30% fjármagns var aflað með söfnunarfé frá almenningi.

Markmið beggja samtakanna er að bæta lífskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda en fátækt, vatnsleysi og þar með skortur á hreinlæti, vannæring, kraftleysi og umkomuleysi hrjáir hina verst settu sem eru skjólstaðingar verkefnisins.

Þáttur Hjálparstarfsins í annars fjölþættara og stærra verkefni þessara tveggja samtaka snýst um:

- 1) að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvottaaðstöðu við hvert hús og deila út helsta húsbúnaði.
- 2) að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu með fræðslu og með því að reisa góða kamra.
- 3) að bæta aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningarvatn af húspökum.

Eftirfarandi er tafla yfir framkvæmdir:

	SEMBABULE Gert 2013	RAKAI/LYANT Gert 2013
Hús	6	7
Kamrar	6	7
Vatnstankar	6	7
Eldhús	6	7
Húsbúnaður	6	7
Hreinlætisnámskeið og fjöldi þátttakenda	11 / 317	4 / 43

Húsin 13 sem reist voru á árinu 2013 hýsa nú 65 einstaklinga. Fjölskyldur nýju húsanna fengu auk þess grunnhúsbúnað og frístandandi eldhús með sparhlóðum. Um 130 manns auk heimilsfólks fá líka vatn úr tönkum húsanna. Það er erfitt fyrir alla að ná í



vatn og með því að skjólstæðingarnir deila vatninu með samfélaginu dregur úr öfund þar sem fleiri fá að njóta og það kemur í veg fyrir skemmdarverk á tönkum og húsum.

Húsin eru hlaðin úr múrsteinum og múruð utan og innan. Þau eru ætluð munað- arlausum börnum, öldruðum og alnæmissjúkum með börn á framfæri og gerð þannig að þau þurfi ekki viðhald fyrstu árin. Þau eru í tveimur stærðum, fyrir minni og stærri fjölskyldur. Rennur eru nú á tveimur hliðum húsanna svo vatn safnast hraðar en áður (þegar renna var aðeins á einni hlið) í 4.000 lítra tankana sem standa við hlið hússins. Kamrar eru með steypu gólfi og hlaðnir úr múrsteini. Fólkið býr til handþvottaðstöðu hjá kömrunum.

Af húsbúnaði og eldhúshöldum sem dreift var á árinu má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Fólkið lærir að gera þvottagrindur og halda áhöldum frá óhreinindum. Þessar aðgerðir hafa skilað sér í minni veikindum. Merkjanlega hefur fækkað tilfellum malaríu, húðsjúkdóma, niðurgangs, orma og annarra sjúkdóma sem berast með óhreinu vatni eða koma vegna óhreininda og lélegrar loftræstingar.

Í Rakaí og Lyantonde voru haldin fjögur hreinlætisnámskeið sem 43 tóku þátt í en í Sembabule tóku 200 manns þátt í átta hreinlætisnámskeiðum. Í Sembabule var gert við fjóra brunna og fólk þjálfað í að halda þeim við.

Hjálparstarfið hefur einnig gefið geitur og hænur í verkefnið en sá þáttur er einn af fleirum sem saman mynda þetta verkefni í Sembabule, Rakaí og Lyantonde. Geitum og hænum er dreift til þeirra verst settu sem þannig fá fjölbreyttari fæðu, kjöt, egg og mjólk og geta jafnvel selt umframafurðir sem bætir afkomuna. Framkvæmdastjóri og upplýs- ingafulltrúi fóru í eftirlitsferð til Úganda í maí 2014.

Neyðaraðstoð

Náttúruhamfarir eru mun mannskæðari í fátækari ríkjum heims en í þeim ríkari þar sem þau fátæku hafa hvorki viðbúnað né viðbragðsgetu á við þau betur stæðu. Flest fórnarlömb vopnaðra átaka í heiminum eru óbreyttir borgarar, ekki síst þeir fátækustu; sjúkir, fatlaðir, konur og börn. Það er sammannleg skylda að bregðast við og aðstoða berskjölduð fórnarlömb hamfara hvar og hvernig svo sem þær dýnja á.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Alþjóðahjálparstarfi kirkna ACT Alliance sem ásamt því að vinna að þróunarsamvinnu veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströng- um siðareglum.

Á starfsárinu veitti Hjálparstarf kirkjunnar neyðaraðstoð í gegnum ACT Alliance vegna stríðsátaka í Sírlandi og náttúruhamfara á Filippseyjum. Með góðum stuðningi frá Utanríkisráðuneytinu sem lagði til 90% fjármagns voru rúmlega 16 milljónir króna sendar til neyðaraðstoðar í Sírlandi og rúmlega 11 milljónir króna til neyðaraðstoðar á Filippseyjum.



Í kjölfar fellibylsins Haiyan sem reið yfir Filippseyjar í nóvember 2013 var áhersla lögð á að aðstoða þá varnarlausu; börn, einstæðar mæður, fatlaða og fjölskyldur sem höfðu misst lífsviðurværi sitt. Reist voru bráðabirgðaskýli og gert var við hús, matvælum og öðrum nauðsynjum var úthlutað, aðgangur tryggður að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu og áfallahjálp veitt. Áhersla var jafnframt lögð á að vinna með íbúunum að því að efla færni samfélagsins í að bregðast við neyðarástandi.

Á átakasvæðum í Sýrlandi var leitast við að uppfylla grunnþarfir hinna stríðshrjáðu. Áhersla var lögð á vernd og aðstoð til handa konum og börnum á vergangi í landinu og flóttafólki í nágrannalöndunum Jórdaníu og Líbanon. ACT veitti þannig lækniástoð, dreifði matvælum og grunnhúsbúnaði, sá fólki fyrir húsaskjóli, hélt úti skólstarfi ásamt því að veita sálrænan stuðning á svæðinu.

Samstarf og fundir um þróunarsamvinnu

Norrænn samstarfsfundur hjálparstofnana kirkna

Fundurinn var haldinn í Finnlandi í ágúst 2013. Rætt var um sameiginleg hagsmunamál og samstarf á vettvangi ACT Alliance. Minni hópar fjölluðu um sitt starfssvið. Sem fyrr var tilgangurinn að miðla og læra af reynslu hvers annars.

Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH

Þátttakendur eru ABC-barnahjálpar, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp og UN Women. Haldnir voru fjórir fundir á starfsárinu. Í október 2013 var haldið námskeið í samstarfi við utanríkisráðuneytið um skipulagningu verkefna og umsóknir um stuðning. Erlendur fyrirlesari frá Bond for International Development sá um kennsluna. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

Hjálparstarf kirkjunnar hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi SÍMAH og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Í september stóðu þau ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands að áttakinu „Þróunarsamvinna ber ávöxt“ með áherslu á gildi menntunar og fræðslu í þróunarstarfi. Haldið var málþing og greinar birtar í fjölmiðlum o.fl. Tilgangurinn var að koma á framfæri mikilvægi þróunarsamvinnu. Á vorönn 2014 var hafinn undirbúningur haustátaksins „Sterkar stelpur – sterk samfélög“ og tók fulltrúi Hjálparstarfsins þátt í því ferli.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Fulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar er meðal varamanna fimm fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðu-

neytisins. Skipað var í ráðið til árána 2014-2017. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

Breytendur - Changemaker á Íslandi

Breytendur - Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar um jafnari stöðu þróunar- og iðnríkja. Breytendur eru hluti hinnar alþjóðlegu Changemaker-hreyfingar sem er upprunnin í Noregi. Starf Breytanda (nf. et.: Breytönd) er í boði fyrir alla á aldrinum 13-30 ára sem láta sig málefnið varða. Fræðsludeild kirkjunnar og Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavík styðja starfið en einn starfsmaður leiðir það í 20% starfi hjá Hjálparstarfinu.

Starfsárið 2013-2014 var viðburðaríkt hjá Breytöndum. Á haustmánuðum 2013 kláraðist Endurvinnsluátak hreyfingarinnar með því að borgaryfirvöld voru hvött til að auka flokkun heimilissorps. Lokapunktur þess var þegar Breytendur afhentu Jóni Gnarr þáverandi borgarstjóra stafla af undirskriftum á endurnýttum mjólkurförnum. Innleggi Breytanda í umræðuna var vel tekið og eru þær stoltar af því og segja að þótt enn sé nokkuð í land með að tillögur þeirra um bættu sorphirðu verði að fullu teknar upp færast málaflökkurinn smátt og smátt í betra horf.

Á starfsárinu var Fjaðrafok í fyrsta sinn haldið á haustönn og fór það fram á Selfossi. Þar var ákveðið að næsta verkefni Breytanda yrði að fjalla um olíuvinnslu í lögsögu Íslands sem Breytendur telja óráðlegt að leggja í. Um veturinn fór ýmiskonar undirbúningsstarf fram, starfað var með öðrum hópum sem báru sama málefni fyrir brjósti og Breytendur tóku þátt í sameiginlegum mótmælum. Olíuherferðin var svo formlega sett í gang á sumardaginn fyrsta með mótmælum þar sem Breytendur spígsporuðu um í gervi olíuuppvakninga, kynntu mál sitt og söfnuðu undirskriftum.

Æskulýðsfulltrúar Laugarneskirkju höfðu frumkvæði að því að stofna Changemaker hóp í kirkjunni og þar hefur fræðsla farið fram á fundum, tónleikar verið haldnir og gjörningar átt sér stað í nærumhverfinu.

Annað árið í röð tóku Breytendur á móti gestum frá Finnlandi og Noregi og undirbúinn var fundur alþjóðlegu Changemaker hreyfingarinnar sem svo var haldinn í júlí 2014.

Af öðrum verkefnum og viðburðum þar sem Breytendur unnu að markmiðum sínum má nefna fræðslu og fjársöfnun á Landsmóti ÆSKP og friðargöngu-una á Þorláksmessu. Breytendur vöktu athygli á málstað þróunarlanda með því að selja gjafabréf og friðarljós fyrir jólin.



Verkefni innanlands

Á árinu 2013 bjuggu tæp 2% landsmanna eða um 6.000 manns við verulegan skort á efnislegum gæðum. Samkvæmt Hagstofunni þýðir það að hafa lent í vanskilum með lán, hafa ekki haft efni á frí með fjölskyldunni, kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, ekki getað mætt óvæntum útgjöldum, ekki haft efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun.

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar. Aðferðin í starfinu er að hvetja fólk og styrkja til þess að það geti nýtt hæfileika sína og getu til að vera virkt í samfélaginu. Félagsráðgjafar veita ráðgjöf og stuðning og vísa fólki á úrræði í samfélaginu. Aðstoðina veita einnig prestar, félags- og námsráðgjafar um allt land. Faglegt mat ráðgjafanna liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða lífsskoðana.

Sérstakt markmið á starfsárinu var að stuðla að bættri sjálfsmynd með sjálfstyrkingarnámskeiði og að veita efnalitlum barnafjölskyldum tækifæri til samveru og sameiginlegrar afþreyingar með skipulögðu sumarfríi í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Þannig gafst tækifæri til að skapa góðar minningar sem efla mikilvæg fjölskyldutengsl og styrkja sjálfsmynd barnanna sem upplifa samanburð við betur stæða félaga.

Á starfsárinu fengu 2185 fjölskyldur aðstoð í 4875 afgreiðslum. Má reikna með að 5900 einstaklingar hafi notið góðs af ef börn og makar umsækjenda eru talin með (fjöldi umsókna = 2185 x 2,7). Á starfsárinu 2012 – 2013 fengu 2295 fjölskyldur aðstoð í 5423 afgreiðslum og hefur því fjölskyldum sem sótt hafa um fækkað um 110. Afgreiðslum fækkaði um 548 milli ára og hver fjölskylda sótti ívið sjaldnar um aðstoð, í 2,2 skipti þetta starfsár samanborið við 2,4 skipti að meðaltali starfsárið 2012 – 2013.

Úr gögnum Hjálparstarfsins má lesa að hópurinn sem sótti um aðstoð hjá stofnuninni strax í kjölfar hruns bankakerfisins var öðruvísi samsettur en sá sem kom fyrir hrun. Mest fjölgaði atvinnulausum og þeim lægst launuðu en flestir stöldrúðu þó stutt við og virtust fá úrlausn sinna mála annars staðar til dæmis hjá umboðsmanni skuldara eða að fólkið fór aftur út á vinnumarkaðinn.

Stæða þeirra sem lengsta viðdvöl hafa haft hjá Hjálparstarfinu; fólkið sem kom fyrir hrun og kemur enn veldur áhyggjum. Fyrst og fremst er um að ræða einstæðar tekjulágar mæður og öryrkja sem ekki hafa fengið neinar úrbætur sinna mála. Skortur á markvissri endurhæfingu og tekjutenging bóta hefur hindrað atvinnuþátttöku sem leiðir til sífellt minni virkni, fátæktar og félagslegrar einangrunar. Þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra er veruleg hætta búin, ekki síst börnunum. Það er á ábyrgð ráðamanna og þriðja geirans að sjá til þess að þau alist ekki upp í fátækt sem takmarkar möguleika þeirra til lífstíðar.

Það er sérstakt markmið Hjálparstarfsins að draga úr hættunni á félagslegri einangrun þeirra sem til stofnunarinnar leita með því að bjóða upp á sjálfstyrkingarnámskeið, skipulögð sumarfrí fyrir efnalitlar barnafjölskyldur, styrki vegna skólagöngu barna, unglinga og fólks í endurhæfingu og vegna íþróttaiðkunar barna og tómstundastarfs. Langtímamarkmið Hjálparstarfsins er að stuðla að félagslegri virkni og vellíðan þeirra

sem til stofnunarinnar leita. Í því skyni er leitast við að efla fólkið sjálft til að stíga næstu skref í átt að betra lífi.

Stuðningur og ráðgjöf

Inneignarkort styrkja heimilishald og sjálfstæði

Hjálparstarfið veitir tekjulágum barnafjölskyldum aðstoð við að halda heimili með inneignarkortum í matvöruverslanir. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum er fullorðnum barnlausum einstaklingum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um mat en utan suðvesturhornsins, þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum, geta tekjulágir einstaklingar sótt um inneignarkort hjá stofnuninni.

Með umsóknum um inneignarkort þurfa að fylgja gögn um tekjur og útgjöld. Sést þá hve mikið viðkomandi hefur milli handanna þegar allir reikningar hafa verið greiddir. Sé mismunur milli tekna og útgjalda undir viðmiði umboðsmanns skuldara um lágmarksframfærslu fær umsækjandi aðstoð hjá Hjálparstarfinu. Ef mismunur á tekjum og útgjöldum er yfir viðmiði umboðsmanns skuldara fær umsækjandi gögn og útskýringar og honum gefinn kostur á að koma með viðbótargögn og að umsóknin verði endurmetin í kjölfarið.

Jólaaðstoð

Hjálparstarfið stóð eitt að jólaaðstoð sinni í Reykjavík í ár en átti þó viðtækt samráð um framkvæmd við önnur félög. Þeir sem þegar höfðu fengið inneignarkort gátu sótt um jólaaðstoð á netinu. Lagt var inn á kortin skömmu fyrir jól. Nýir umsækjendur gátu eins og áður leitað til presta um allt land og á skrifstofu Hjálparstarfsins. Umsóknir um aðstoð vegna jólahalds voru 1479 talsins fyrir jól 2013.

Mjög gott samstarf var um jólaaðstoð á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu við alla aðila sem þar aðstoða fátæka og því var hægt að veita góða og markvissa aðstoð. Samstarf Hjálparstarfsins, Rauða krossins og mæðrastyrksnefnda í Kópavogi og Hafnafirði hélt áfram og er komin góða reynsla á það samstarf.

Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum

Um 80% þeirra sem fá aðstoð vegna lyfjakaupa eru fullorðnir einstaklingar. Ákveðnar reglur gilda um aðstoðina og ekki er greitt fyrir ávanabindandi lyf. Fyrir öll lyf sem aðstoðað er um greiðir Hjálparstarfið beint fyrir til lyfjaverslana. Stuðningur vegna gleraugnakaupa er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja um námsstyrk frá Hjálparstarfinu.

Fataúthlutun

Fataúthlutun fór fram vikulega þar sem þeir sem þurftu fengu fót sér að kostnaðarlausu. Mikið berst af fötum sem sjálfboðaliðar flokka og úthluta. Um jólin var sérstök úthlutun, en áður hafði verið auglýst eftir sparifötum. Mikið barst af vönduðum flíkum. Úthlutanir urðu 385 þetta starfsárið, fyrir utan úthlutanir um jólin.

Sjálfbóðaliðar

Víkulega vinna 15-20 sjálfbóðaliðar við flokkun og úthlutun fatnaðar, skráningar og greiningu umsókna og fleira. Framlag sjálfbóðaliða er ómetanlegt og gerir Hjálparstarfinu kleift að veita þá þjónustu sem í boði er.

Velferð barna - Velferðarsjóður

Við upphaf skólaárs haustið 2013 aðstoðaði Hjálparstarfið foreldra 250 barna um land allt með inneignarkortum í A4 til að kaupa skólabækur. Einnig var veittur stuðningur vegna kaupa á fatnaði í upphafi skólaárs. Þá voru veittir styrkir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómtunda barna.

Haldið var áfram samkvæmt stefnu sem mótuð var í kjölfar bankahrunsins árið 2008 og stuðlað að jákvæðri og skemmtilegri samveru fjölskyldunnar. Gjafakort voru gefin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, bíómiðar voru í boði og boðskort á veitingastaði sem eru vinsælir meðal barna og unglínga. Fjölskyldur fengu styrk til að fara í leikhús, nánar tiltekið var um ræða þrjár sýningar fyrir börn á öllum aldri í Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu og hjá leikhópnum Lottu. Öllum þeim sem studdu framtakið með því að veita góðan afslátt eru færðar bestu þakkir fyrir.

Í júní tóku 18 fjölskyldur eða 60 einstaklingar þátt í Sumarfríi fyrir barnafjölskyldur á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins á Íslandi. Sumarfríið var í fallegu umhverfi við Úlfjótuvatn þar sem hver fjölskylda hafði sitt herbergi til afnota í sumarbúðum skáta í 5 daga.

Markmiðið með sumarfríinu var að draga úr félagslegri einangrun og stuðla að samveru og gæðastundum efnalítilla fjölskyldna sem aftur skapa góðar minningar. Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi þakka Velferðarsjóði barna sem og fjölmörgum fyrirtækjum og einstaklingum fyrir veittan fjárhagslegan stuðning við verkefnið.

Framtíðarsjóður

Sjötíu og átta ungmenni í 13 sveitarfélögum og 18 framhaldsskólum fengu styrk úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var 36.564 krónur. Þá fengu tólf ungmenni fartölvu.

Námssjóður fullorðinna

Hjálparstarfið miðlaði endurmenntunarstyrkjum til 16 einstæðra foreldra og annarra sem standa illa fjárhagslega og félagslega en eru nú ýmist í grunnnámi framhaldsskóla og stefna á sérnám eða eru í endurhæfingu hjá Hringsjá eða Janusi. Miðað er við að styðja fólk sem ekki á rétt á styrkjum annars staðar frá. Helstu stuðningsaðilar þessa sjóðs eru Sorpa og Lýðheilsustofnun.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins eiga samtal við þá sem leita til stofnunarinnar um leiðir út úr aðstæðunum. Þeir veita ráðgjöf og benda á úrræði í samfélaginu. Einstaklings- og fjölskylduráðgjafi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar veitti einnig ráðgjöf þegar þörf var á að styðja fólk sérstaklega. Fjármálaráðgjafi frá fyrirtækinu Velgengni hélt áfram í sjálfbóðavinnu fyrir Hjálparstarfið og veitti ráðgjöf fyrir hádegi á föstudögum. Að funda

með honum var í nokkrum tilfellum gert að skilyrði fyrir efnislegri aðstoð stofnunarinnar. Fjármálaráðgjöfin nýtur mikilla vinsælda og ljóst er að fólki léttir að fá leiðsögn í að höndla fjármál sín. Markmið með allri ráðgjöf Hjálparstarfsins er að hvetja fólk til að nýta úrræði og halda virkni.

Námskeið

Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn á Íslandi höfðu með sér mjög gott samstarf á starfsárinu. Á haustönn var haldið saumanámskeið fyrir 12 konur og á vorönn var haldið sjálfstyrkingarnámskeiðið Elda-sauma-skipta um kló: Gerðu það sjálf/ur. Námskeiðið var tilraunaverkefni en markmiðið með því var að þátttakendur gætu eftir getu sína og færni á ýmsum sviðum daglegs lífs. Meðal námsefnis var matreiðsla á hollum mat, betri nýting matarafanga og hagkvæm skipulagning innkaupa. Þá var kennt á saumavél og boðið upp á fyrirlestra um stjórnun fjármála heimilisins og um það hvernig hægt er að styrkja sjálfsmyndina og virkja tengslanetið sitt til sjálfseflingar. Fjórtán konur tóku þátt í námskeiðinu sem þótti takast mjög vel.

Talsmannshlutverkið

– Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um málefni fátækra

Hjálparstarf kirkjunnar er talsmaður fátækra. Félagsráðgjafar og skjólstæðingar Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á yfirvöld um að takast á við fátækt bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Hjálparstarfið tekur þátt í störfum samráðshóps Reykjavíkurborgar, stofnana og félaga um málefni utangarðsfólks. Markmið hópsins er að bæta yfirsýn yfir málefni utangarðsfólks og auka samvinnu milli ólíkra faghópa. Einnig er markmiðið að finna leiðir svo veita megi þessum hópi nauðsynlega grunnþjónustu.

Velferðarvaktin

Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins tók þátt í starfi Velferðarvaktarinnar sem tók til starfa árið 2009 og lauk störfum í ársbyrjun 2014 en í lok árs 2013 skilaði Velferðarvaktin af sér lokaskýrslu og afhenti félags- og húsnæðismálaráðherra.

Í júní 2014 skipaði ráðherra nýja Velferðavakt sem skipuð er 32 einstaklingum frá hinum ýmsu samtökum og stofnunum. Starfshópnum er ætlað að fylgjast með félagslegum og efnahagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og koma með tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðavaktin skal huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og þá sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra. Velferðarvatkinni er þannig ætlað að afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við fátækt svo draga megi úr henni.

EAPN - European Anti Poverty Network á Íslandi

Undirrót fátæktar er margslungin og finna þarf fjölbreyttar leiðir og samþætta þær til

að vinna bug á henni. Þær aðgerðir sem stjórnvöld í Evrópu hafa gripið til í þeim tilgangi að draga úr fátækt hafa ekki dugað til og nú er talið að 115 milljón manns í álfunni búi við fátækt.

EAPN (European Anti Poverty Network) er evrópskt tengslanet frjálsra félagsamtaka sem hafa það að markmiði að þrýsta á og kynna stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum gegn fátækt og félagslegri einangrun. Félagsráðgjafi og skjólstæðingar Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN.

Stofnað var til tengslanetsins í Evrópu árið 1990 en Íslandsdeildin var stofnuð í nóvember 2011. EAPN er samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt og eflir það að komast upp úr hjólfari fátæktar. EAPN lítur svo á að fátækt og félagsleg einangrun séu brot á grundvallarmannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn. Heimasíða EAPN á Íslandi lítur dagsins ljós á næstunni eftir undirbúningsvinnu á starfsárinu.

Á aðalfundi EAPN í apríl 2014 var samþykkt umsókn frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna um aðild að tengslanetinu. Búið er að stofna deild innan EAPN á Akureyri og einnig er starfandi hópur á Suðurnesjum en það er mikilvægt að starfið einskorðist ekki við höfuðborgarsvæðið heldur nái einnig til þeirra sem búa á landsbyggðinni.

Íslandsdeild EAPN fékk styrk frá EAPN í Brussel til að þýða bók sem ber heitið „Brautin rudd – Ýtt undir breytingar“ („Breaking Barriers – Driving Change“) og sem verður á rafrænu formi. Fólk sem býr við fátækt í Reykjavík, á Akureyri og á Suðurnesjum mun vinna verkefni eftir forskrift í bókinni.

Á starfsárinu tók Íslandsdeild EAPN í fyrsta sinn þátt í „European Platform against Poverty“ sem er liður í aðgerðaráætlun ESB um að fækka þeim sem búa við fátækt í Evrópu um 20 milljónir fyrir árið 2020. Fulltrúi Hjálparstarfsins tók þátt í ráðstefnunni sem formaður EAPN á Íslandi en ráðstefnuna sóttu einnig þrír fulltrúar velferðarráðuneytis.

EMIN - European Minimum Income Network

EMIN er verkefni EAPN til tveggja ára þar sem leitast er við að finna út hvað þarf í hverju Evrópuríki fyrir sig til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi. EAPN á Íslandi tekur þátt í verkefninu með norrænum hópi undir forystu Dana. Hópurinn leitast meðal annars við að svara þeirri spurningu hvort til sé norrænt velferðarkerfi.

Á starfsárinu vann Hanna Björnsdóttir félagsráðgjafi að skýrslu um viðunandi framfærslu. Hanna tók viðtöl við fólk sem býr við fátækt, fræðimenn, fulltrúa verkalýðsfélaga og fleiri um málefnið við undirbúning skýrslunnar. Niðurstaðan mun án efa gagnast vel í baráttunni fyrir bættum lífskjörum þeirra sem búa við kröppust kjör.


Aðilar að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings.


Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands. Aðalfundur var 18. júní 2014.


Einstaklingar á bak við afgreiðslur




Afgreiðslur eftir aldri milli starfsára






Afgreiðslur milli starfsára eftir húsnæði



Framfærsla milli starfsára



Afgreiðslur eftir landshlutum milli starfsára



Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt..., kom út fjórum sinnum á starfsárinu, ýmist sem tímarit til um sex þúsund styrktaraðila, bókasafna og fleiri eða sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Þau blöð voru helguð vatnsverkefnum í Afríku og starfinu innanlands.

Vefsíðan Help.is og Facebook

Á vefsíðu Hjálparstarfsins www.help.is er að finna allar helstu upplýsingar um starfið. Facebooksíða stofnunarinnar er í sífellt meira mæli notuð í fjáröflunarskygni og til að segja frá starfinu. Ljósmyndasamkeppni um mikilvægi vatns fór fram í tilefni alþjóðadags vatns í mars 2014. Þátttaka var nokkur í þessu tilraunaverkefni sem haldið verður áfram með á næsta ári.

Heimsóknir til hópa

Ýmsar stofnanir, kirkjur og skólar voru heimsóttir til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðsla meðal fermingarbarna fór fram í tæplega 70 sóknum og er henni lýst nánar í kafla um safnanir.

Rödd í miðlum

Starfsmenn hafa öðru hvoru sent inn greinar í fjölmiðla sem hafa birst í prent- og vefmiðlum og tekið þátt í umræðum í útvarpi. Þá hafa fréttamenn leitað viðbragða umsjónarmanns innanlandsstarfs vegna umræðu um fátækt á Íslandi.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2013

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 4. – 12. Nóvember 2013 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. 65 prestaköll og um 2800 börn söfnuðu 8,3 milljónum króna. Fyrir söfnunina fengu börnin fræðslu um vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku.

Jólasöfnun

Safnað var fyrir vatni og tengdum verkefnum í Afríku með valgreiðslum í heimabönkum. Söfnuðust 13,5 milljónir króna sem er sjö milljónum króna lægri fjárhæð en safnaðist fyrir jól 2012.

Páskasöfnun

Um páska var einnig safnað fyrir vatnsverkefni í Afríku með valgreiðslum í heimabönkum. Fimm milljónir króna söfnuðust.

Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Af gjafabréfasíðunni www.gjofsemgefur.is seldust 1284 gjafabréf. Af 39 gjafabréfum í boði eru geitur vinsælastar, þá hænur, vatn, grænmetisgarðar, skóladót og að frelsa barn úr skuldaánaud. Af gjafabréfum til styrktar starfi innanlands voru Framtíðarsjóður, stuðningur við skólabyrjun og jólagjafir á Íslandi vinsæl. Hemmasjóður og Pollasjóður eru ný gjafabréf fyrir verkefni í þágu barna efnalítilla fjölskyldna á Íslandi.

Á vefsíðunni www.framlag.is gefur fólk til verkefna að eigin vali. Flestir völdu að gefa til Afríkuverkefna og næst flestir völdu aðstoð innanlands.

Friðarljós

Friðarljós, útikerti Hjálparstarfsins sem seld eru um jól, áramót og á allra heilagra messu í kirkjugörðum á höfuðborgarsvæðinu og víðar seldust fyrir 7,4 milljónir króna á starfsárinu.

Sóknir

Framlag sókna til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 4,3 milljónum króna og hefur það hækkað um 1,5 milljón króna á milli ára og kann Hjálparstarfið bestu þakkir fyrir stuðninginn við stofnunina.

Aðrar fjáröflunarleiðir

Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir í tengslum við skyndisafnanir í neyð. Söfnunarbaukarnir fyrir vatn í Afríku standa á kaffihúsum, í verslunum og fyrirtækjum víða um land. Sala minningarkorta á www.help.is og á skrifstofunni skilar einnig tekjum til starfsins.

Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2013 til 30. júní 2014 námu 208 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; söfnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páska-söfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar.


Framlög til verkefna

79,2 milljónum var varið til þróunarsamvinnu og 27,7 milljónum til neyðaraðstoðar. 77,8 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 7,8 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 266,8 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 181,7 milljón króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 164 milljónir vegna langtíma verkefna.


Tekjur námu 208 milljónum króna



192,5 milljónum varið til verkefna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 266,8 milljónum króna



Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; 9 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 61 í fulltrúaráði. Formaður framkvæmdastjórnar skal vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði tíu sinnum á ári.

Breytingar urðu nokkrar í starfsliði Hjálparstarfsins á árinu. Jónas Þórir Þórisson lét af störfum framkvæmdastjóra um áramót og við starfi hans tók Bjarni Gíslason, áður fræðslu- og upplýsingafulltrúi. Við starfi Bjarna tók Kristín Ólafsdóttir í janúar 2014. Anna M. Þ. Ólafsdóttir lét af störfum verkefnastjóra erlendra verkefna í september 2013.

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Anna M. Þ. Ólafsdóttir var verkefnastjóri erlendra verkefna
í 75% starfi til septemberloka 2013

Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með lager, sölu Friðarljósa o.fl.

Áslaug Arndal sér um skrifstofuhald og fósturbörn

Bjarni Gíslason var fræðslu- og upplýsingafulltrúi til áramóta og
framkvæmdastjóri frá janúar 2014

Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri lét af störfum um áramót 2013 - 2014

Kristín Ólafsdóttir er fræðslu- og upplýsingafulltrúi frá janúar 2014

Ólöf Benediktsdóttir leiðir starf Breytanda í 20% starfi

Sædís Arnardóttir er félagsráðgjafi í 50% starfi í innanlandsstarfi

Vilborg Oddsdóttir er félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Skipaðir af kirkjuráði

Ingibjörg Pálmadóttir
Páll Kr. Pálsson
Lóa Skarphéðinsdóttir
Þorsteinn Pálsson
Kristín Magnúsdóttir

Varamenn kirkjuráðs
Guðbjörg M. Matthíasdóttir
Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Valgerður Vigfúsardóttir

Kjalarnesprófastsdæmi
Arndís Guðmundsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi
Sr. Elínborg Sturludóttir
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðaprófastsdæmi
Hulda Karlsdóttir
Helga Friðriksdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
Sigurlaug Guðmundsdóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Sr. Guðmundur Guðmundsson
Finnur Baldursson

Austurlandsprófastsdæmi
Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Jens Garðar Helgason

Suðurprófastsdæmi
Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Gyða Kristófersdóttir

Digranessókn
Stefanía Valgeirsdóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Margrét Loftsdóttir

Kársnessókn
Benedikt Vilhjálmsson

Grafarvogssókn
Ingvar Haraldsson

Hjallasókn
Dýrleif Ingvarðóttir

Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Fellasókn
Ólöf Margrét Snorradóttir

Seljasókn
Jenetta Bárðardóttir
Matthildur Sverrisdóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn
Þórhildur Þórisdóttir
Júlíana Tyrfinngsdóttir

Bústaðasókn
Gunnar Sigurðsson
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Ásta Kristjánsdóttir
Einar Gottskálksson

Grensássókn
Steinunn Ásgerður Frímansdóttir
Ágúst Jónatansson

Hallgrímssókn
Guðlaugur Gunnarsson
Sigurður Bjarnason

Háteigssókn
Dúfa S. Einarsdóttir

Nessókn
Katrín Helga Ágústsdóttir

Langholtssókn
Guðrún Áslaug Einarsdóttir
Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Seltjarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi

Garðasókn
Kristín Hólm
Torfey Rós Jónsdóttir

Suðurprófastsdæmi

Ofanleitissókn
Sigríður Kristjánsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akrannessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Stafholtssókn
Sr. Elínborg Sturludóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmannshlíðarsókn
Baldur Dýrfjörð

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Haflíði Jósteinsson

Heimasíða: www.help.is
Facebooksíða: hjálparstarf.kirkjunnar
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfingin Breytendur: www.changemaker.is